

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 245/2017

2019/EES/80/37

frá 15. desember 2017

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1505 frá 28. ágúst 2017 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1ea (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009):

„– **32017 R 1505:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1505 frá 28. ágúst 2017 (Stjtið. ESB L 222, 29.8.2017, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1eah (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1621):

„1eai. **32017 R 1505:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1505 frá 28. ágúst 2017 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtið. ESB L 222, 29.8.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1505, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 222, 29.8. 2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.